

Ársskýrsla
AE starfsendurhæfingar



2021

Efnisyfirlit	
Grundvallarmarkmið.....	3
Stjórn félagsins.....	3
Starfsfólk.....	3
Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni	3
Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar	4
Markmið	4
Námskeið.....	4
Listanámskeið	4
Leiklist/spuni	5
LAN.....	5
Skák	6
Tungumálakennsla	6
Bíókvöld	6
Söngur	6
Spil	6
Sjálfhjálparhópur	6
Saumar og skartgripagerð.....	6
Ýmsar upptökur.....	6
Hreyfing innan húss/Jóga.....	6
Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur	7
Árangursmat.....	7
Starfsdagur.....	7
Úttekt.....	7
Samningur við Vinnumálastofnun.....	10
Samningur við Reykjavíkurborg	13
Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur	13
Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka	13
Virgni utan Hlutverkaseturs	14
Leikhús, menningarferðir o.fl.	14
Fótboltaverkefnið FC Sækó.....	15
Verkefni 3. Úttektir	15
Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök	18
Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum	19
Samantekt um Covid 19 og áhrif á starfsemina.....	21
Þakkir stjórnar.....	22

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu, styðja fólk til þess að ná tókum á hlutverkunum á ný eða uppgötva önnur. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði líkansins um iðju mannsins (MOHO) með áherslu á valdeflingu. Lögð er til þekking og reynsla notenda og fagfólks og unnið er út frá jafningjagrunni. Samstarfið byggist á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Virkni er styrkt með ýmis konar iðju, s.s. listsköpun, verkefnavinnu, námskeiðapátttöku og sjálfboðastarfi. Þessi starfsemi fer að mestu fram í virknimiðstöðinni Hlutverkasetri í Borgartúni, sem er starfrækt af AE starfsendurhæfingu. Hluti starfsins fer fram fyrir utan húsnæðið eins og fótboltahópurinn FC sækó, sjósund, menningar-, sund- og gönguferðir. Þar að auki er veittur stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgni þegar við á. Einnig er hægt að fá stuðning við að hefja nám á ný og eftirfylgd á meðan námi stendur.

Stjórn félagsins

Breytingar urðu á stjórn á árinu. Tveir nýir stjórnarmenn bættust við, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir og Erik Brynjar Schweitz Eriksson. Jóhanna E. Vilhelmsdóttir er nú varamaður í stjórn ásamt Elínu Ebbu Ásmundsdóttur. Sæunn Stefánsdóttir er formaður stjórnar og Þórólfur Árnason er varaformaður. Aðrir í stjórn eru; Andri Árnason, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Erik Brynjar Schweitz Eriksson og Þór Sigfússon. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu og flestir fundir fóru fram í gegnum fjarfundaforritið Zoom.

Starfsfólk

Árið 2021 störfuðu 9 starfsmenn í rúmum sex stöðugildum. Nýir starfsmenn voru Kremena P. Demireva, Malva Valkyrja Gimeno, Óskar Ögri Birgisson og Sigurður Þórólfsson. Fastráðnir starfsmenn voru Anna Henriksdóttir myndlistakennari, Bergþór G. Böðvarsson NsN starfsmaður, María S. Gísladóttir, fjöllistamaður og iðjuþjálfarnir; Elín Ebba Ásmundsdóttir og Helga Ólafsdóttir. Svafa Einarsdóttir sem var verktaki flutti til Englands í byrjun árs, Einar Kvaran, og Kristian Guttesen hættu og fóru í önnur störf.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni

Hlutverkasetur hefur frá upphafi tekið iðjuþjálfunema í starfsnám. Nemarnir hafa jafnt verið íslenskir sem og erlendir skiptinemar. Að auki leita nemendur í öðru framhaldsnámi á háskólastigi til Hlutverkaseturs til gagnaöflunar. Vegna Covid 19 komu hvorki nemar frá öðrum löndum þetta árið né nemar í framhaldsnámi. Tveir nemar í iðjuþjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri, Hildur Þórlindsdóttir og Lilja Logadóttir komu í nóvember í nokkra daga til að kynna sér starfsemina sem hluta af vettvangsnámi í þeirra námi.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið

Markmið Hlutverkaseturs er að aðstoða þátttakendur við að auka lífsgæði þeirra, komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, hefja og/eða ljúka námi, eða finna sér vettvang í hlutverkum sem hafa þýðingu og gildi fyrir þá, eða stunda sjálfboðaliðavinnu. Ríkur þáttur í starfinu er að efla félagsleg tengsl og rjúfa einsemd. Starfsemin byggir á því að efla trú einstaklinga á eigin áhrifamátt og getu. Að þátttakendur geri sér ljóst að sú iðja sem þeir taka sér fyrir hendur, fólkið sem það umgengst og umhverfisþættir hafi áhrif á heilsu og vellíðan þess.

Sérstaða Hlutverkaseturs er sú að öllum er velkomið að taka þátt og/eða hjálpa til t.d. með því að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra. Ekki er þörf á tilvísun frá lækni eða öðrum fagaðilum til þess að mega taka þátt í starfinu. Mæting er á forsendum hvers og eins sem og tímalengd verunnar í Hlutverkasetri.

Í byrjun árs var hægt að fylgja eftir að fólk gæti komið hvenær sem var. Á tímabili fjöldatakmörkana var fólki úthlutaður tíma til að fylgja eftir tilmælum sóttvarnarlæknis. Þátttakendur gátu einnig tekið þátt í Zoom fundum eða pantað símtal. Frá sumri varð starfsemin eðlileg en strax í ágúst byrjuðu aftur fjöldatakmörkanir sem höfðu áhrif á starfsemina. Sjá nánar undir sérstökum lið sem fjallar um starfsemina á tímum Covid.

Námskeið

Hluti af starfsemi Hlutverkaseturs hefur verið í höndum sjálfboðaliða. Námskeiðin voru 39 (34) á árinu sem er fjölgun. Virkum sjálfboðaliðum fækkaði hins vegar voru 10 (14). Þeirra innlegg takmarkaðist vegna aðstæðna í samfélaginu. Dæmi um sjálfboðaliðastarf er; súpueldhús, handavinnuhorn, jóga, söngstund, spuni, borðtennis og spilavinir.

Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess í námskeiðaflórunni. Fjallað verður ítarlega um myndlistina og leiklistina hér að neðan.

Dæmi um námskeið:

- Leiklist
- dans
- jóga-leikfimi
- fótbolti
- LAN, tölvusamspil
- sund
- gönguhópur
- handavinnuhorn
- sjósund
- skák
- súpueldhús
- tónlistarklúbbur
- fjölbreytt listanámskeið
- tölvuaðstoð

Listanámskeið

Fjölbreytt listanámskeið voru alla daga vikunnar. Listasmiðjan tók mið af sóttvarnareglum, grímuskylda var virt, sprittun og fjarlægðatakmark. Svafa Einarsdóttir listgreinakennari flutti til Englands í upphafi árs. Í hennar stað kom Malva Valkyrja Gymeno. Hún aðstoðar Önnu í listasmiðjunni, Helgu við ýmsa iðju og heldur sjálf námskeið. Vanalegu námskeiðin (teikning, málun og opin smíðja) héldust opin að miklu leyti þrátt fyrir Covid en þó með færri þátttakendum á

hverjum tíma. Vegna ástandsins í byrjun árs var kappkostað að sinna þátttakendum enn betur á einstaklingsgrundvelli og þannig hafa þeir sem tóku þátt í myndlistinni getað ráðið hvort þeir vildu prófa nýjar nálganir í listsköpuninni eða leggja áherslu á að ná góðum árangri í einstökum aðferðum. Á haustmánuðum jókst þátttakan í námskeiðum. Í ágúst var námskeiðum fjölgað og nokkur ný námskeið voru sett upp svo sem: þrívíddarmyndagerð, steinamálun, hrekkjavökuskraut og glermálun. Einnig var í boði 'stop-motion' myndagerð sem varð síðan að fresta. Þar er fengist við persónusköpun, leikmyndagerð, sögugerð, tónlist, tölvuvinnu, myndatöku og klippingar.

Listasýningar innan Hlutverkaseturs. Björgvin Eðvaldsson sýndi myndverk, þæfð verk og brúður sem hann vann undanfarin ár. Sýningin hét "*Leitin að hinum sanna kærleik*" og stóð yfir frá 1. til 30. mars.

Jenný Hjálmtýsdóttir sýndi nýleg flæðiverk í tilefni 70 ára afmælis síns en hún hefur um árabil verið ötul í listasmiðjum Hlutverkaseturs. Sýning hennar nefndist "*Litadýrð*" og stóð yfir frá 16. apríl til 28. maí.

Í sumar voru myndir eftir 25 þátttakendur listasmiðju undanfarinna tíu ára hengdar upp í Hlutverkasetrinu án þess að um eiginlega sýningu væri að ræða vegna Covid takmarkanna. Myndefnið var aðallega dýr og furðufuglar. Þessar myndir voru lýsandi fyrir hversu fjölbreytt námskeiðin hafa verið og hvað þau hafa verið vel sótt. Gaman var að sjá hvað einstaklingar sem tekið hafa þátt lengi í starfinu hafa þroskast í myndlistinni. Sýningin var sett upp í júní og stóð yfir til septemberloka eða þar til úlfasýningin var sett upp. (Sjá neðar).

Leiklist/spuni

Spuni (4-7) er vinsæll og gefur fólki tækifæri að spreyta sig í alls kyns aðstæðum. Þeir sem stunda þessa iðju reglulega finna fyrir auknum styrk og sjálfstrausti. Spuni hefur alfarið verið í höndum tveggja starfsmanna frá einum íbúakjarnanum og er dæmi um samvinnu á milli íbúakjarna og Hlutverkaseturs. Vegna Covid fór þessu liður ekki almennilega af stað. Tveir úr hópnum voru hins vegar styrktir til að taka þátt í leiklistarnámskeiði um sumarið á vegum LHÍ. Covid smit kom upp í námskeiðinu, þurftu þessir tveir að fara í sóttkví og misstu þar af leiðandi af lokadögnum. Leikhópurinn Húmor sem er líka hluti af spunahópnum fékk tækifæri á þátttöku í málþingi á vegum Þjóðleikhúsins í lok september. Málþingið var samvinnuverkefni Geðhjálpar, Geðlæknafélags Íslands, Hlutverkaseturs og Þjóðleikhúsins. Viðburðurinn var sýndur beint á Rúv2. Sex einstaklingar tóku þátt í viðburðinum og voru með þrjár innkomur á málþinginu. Hópurinn æfði þrisvar í viku í tvo mánuði og fékk að æfa sína innkomu tvisvar sinnum í Þjóðleikhúsinu. Þau fengu leiðsögn frá leikstjóra *Vertu Úlfur*, Unni Ösp Stefánsdóttur. Leikhópurinn kom líka fram í myndinni *Acting out- Ekki einleikið* sem fjallaði um einn þátttakanda hópsins. Myndin var sýnd á Riff kvikmyndahátíðinni 2.okt og keppti í flokki bestu heimildarmynda.

LAN

LAN er tölvuleikur í rauntíma leikinn með samtengdum tölvum. Einstaklingar sem nýtt hafa sér starfsemi Hlutverkaseturs hafa tekið yfir utanumhald. LAN hópurinn spilaði vikulega (2 – 5) frá janúar fram í miðjan mars og byrjaði aftur um miðjan ágúst. Íbúar frá Bríetartúni, Laugarási og Batamiðstöðinni hafa helst nýtt sér þetta tilboð. Frá miðjum ágúst var boðið upp á LAN tvisvar sinnum í viku. Skjólstæðingar frá Laugarási nýta sér annan tímann og hinn er opinn öllum.

Skák

Tveir gestir frá Vin mæta einu sinni í viku og kenna skáklistina, sem hluta af samstarfi á milli staðanna (4–12). Flestir sem mæta í skáklúbbinn búa í íbúakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar og hafa verið virkir í skák í Vin. Skákin féll niður frá miðjum mars fram í miðjan maí. Haldið var skákmót í Vin í júlí.

Tungumálakennsla

Spænsku-, frönsku- og íslenskukennsla (3-10). Kennt var einu sinni í viku. Aðaláherslan er á að hafa gaman; hlusta á tónlist, horfa á myndir og læra einstaka orð og setningar til að bjarga sér. Kennarar kenna á sínu móðurmáli.

Bíókvöld

Engin bíókvöld voru haldin á árinu, en einu sinni í viku var sýnd mynd á dagtíma (3-7). Á tímum fjöldatakmörkanna þurfti að fella þennan dagskrárlið niður og hann komst ekki á aftur með haustinu.

Söngur

Söngstund var einu sinni í viku (5–9). Tekin eru fyrir þekkt lög með gítarspili. Inn á milli hefur síðan verið karíóki. Fella þurfti þessa tíma niður þegar grípa þurfti til fjöldatakmörkana og fjarlægðaskyldu.

Spil

Boðið var upp á borðspil fjórum sinnum í viku (2-5). Ýmis spil voru spiluð má þar nefna; kana, skítakall, Trivial Pursuit, Besserwisser, Uno, Master mind, Yatzy. Þetta tilboð eins og annað lá niðri þegar fjöldatakmörkanir voru.

Sjálfhjálparhópur

Sjálfhjálpar og stuðningshópurinn *Á tali* í Hlutverkasetri féll niður á árinu vegna Covid. Í nóvember var annar sjálfhjálparhópur settur af stað sérstaklega fyrir karlmenn.

Saumar og skartgripagerð

Tvisvar í viku er boðið upp á léttan saumaskap og viðgerðir og skartgripagerð einu sinni í viku. Að búa til sína eigin Covid grímu hélt áfram. Meðan takmörkanir voru sem harðastar féllu þessir tímar niður en héldu síðan áfram með haustinu.

Ýmsar upptökur

Geirharður Þorsteinsson endurtók fyrirlestur um áfallastreitu (18) *Complex PTSD from surviving to thriving* byggt á hugmyndum Pete Walker sem hann hafði boðið upp á ári áður. Trausti Ólafsson kom og stjórnaði hluta af starfsdegi sem haldinn var í október (32). Hrekkjavökupartý var haldið í október þar sem ýmsar furðuverur vöknudu til lífsins og kryddudu upp á tilveruna. Kransagerð var í desember undir stjórn eiganda Blómabúðarinn Daggar í Hafnarfirði við góðar undirtektir (14).

Hreyfing innan húss/Jóga

Jóga (2-6) var tvisvar sinnum í viku, Zumba (2–5) tvisvar í viku, styrktaræfingar (2-5) þrisvar sinnum í viku og slökun (2-5) tvisvar í viku. Allt þetta datt niður í fjöldatakmörkunum en flest hafði hafist aftur í lok ágúst.

Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur

Fjölmargir starfsmannahópar og einstaklingar koma á hverju ári til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að auka samstarfið á milli staða. Einnig hafa stórir sem smáir hópar komið erlendis frá. Í ár náðu nokkrir hópar að koma í heimsókn, en engir komu erlendis frá.

Starfsfólk Pieta (6) kom í kynningu í febrúar. Í september komu fulltrúar frá Sjálfstæðisflokknum (4) og Samfylkingunni (4). Félagsráðgjafar hjá Mosfellsbæ (5) komu einnig í september til að kynna sér starfsemina sem og þátttakendur frá Grófinni Akureyri (12). Starfsfólk í liðveislu á vegum Reykjavíkurborgar sem sinna fötluðum komu í nóvember (9) og einnig þau sem sinna liðveislu geðheilsuteymisins (6).

Árangursmat

Úttektir og mat á árangri Hlutverkaseturs eru starfseminni mikilvæg. Iðjuþjálfanemar í starfsnámi frá heilbrigðisvísindasviði HA og erlendir iðjuþjálfanemar, hafa lagt árangursmat fyrir notendur Hlutverkaseturs sem hluta af sínu starfsnámi. Matsaðferðir hafa verið fjölbreyttar s.s. viðtöl, spurningalistar, rýnihópar o.fl. Úrvinnsluaðferðir eru ýmist eiginlegar eða meginlegar. Þar sem engir nemar voru í ár var starfsdagurinn nýttur til að fá svörun og könnun framkvæmd af Einari Kvaran Nsn starfsmanni (sjá neðar).

Starfsdagur

Sú hefð hefur skapast að hafa starfsdag einu sinni á ári þar sem teknir eru fyrir ákveðnir þættir í starfseminni. Trausti Ólafsson leiklistarkennari hefur tekið að sér að stýra hluta af deginum til að fá fram upplifun þátttakanda af starfseminni með aðferðum leiklistar. Helstu niðurstöður í ár var löngun þátttakanda að taka þátt í skipulögðum ferðalögum, mörg þeirra söknuðu þess að fara út í náttúruna. Lagt var til að hafa menningarkvöld til að fólk með erlendan uppruna gæti kynnt sína menningu. Eins að fólk myndi kynna fyrir öðrum þátttakendum í starfseminni eigin áhugamál. Langt er síðan fólk fór út að borða saman og þess var saknað. Bent var á mikilvægi að vera þakklát fyrir það sem við höfum. Ábendingar komu um hljóðvist, bílastæðismál og nýtt húsnæði.

Úttekt

Þetta árið tók Einar Kvaran 12 viðtöl við einstaklinga sem sækja þjónustu Hlutverkaseturs, átta karla og fjórar konur. Tilgangurinn var m.a. að kanna hvaða skilning þau legðu í lífsgæðahugtakið, hvernig þau skilgreindu „gott líf“, og á hvern hátt starfsemi Hlutverkaseturs styddi við lífsgæði að þeirra mati. Þótt viðmælendur væru á ólíkum aldri og hefðu ólíka lífsreynslu og sjúkdómssögu var töluverður samhljómur í lýsingum þeirra á því sem þau töldu einkenna gott líf og þar með lífsgæði. Gögnin voru flokkuð í eftirfarandi þemu; Að ná endum saman, að hafa öruggt húsnæði, eiga fjölskyldu, vini og félag, hafa vinnu og hlutverk og búa við góða heilsu. Í ýmsum tilvikum var þó skörun á milli þessara meginþema. Að ná endum saman. Viðmælendur töldu mikilvægi fjárhagslegs öryggis vera undirstöðu lífsgæða. *Lífsgæði er að hafa heimili, íbúð og að eiga fyrir mat og*

klæðum...þau vega c.a. 70% þegar kemur að lífsgæðum...Lífsgæði eru að hafa ákveðið sjálfstæði.

Að eiga fjölskyldu. Allir viðmælendur með tölu lögðu áherslu á mikilvægi fjölskyldunnar varðandi lífsgæði. Flestir lýstu góðu sambandi við fjölskyldumeðlimi þótt það væri ekki algilt. *Lífsgæði eru að samband við nánustu ættingja og vini sé gott og heilbrigt, líka að geta verið í þeirri stöðu að geta gefið af sér, það myndi ég segja að væri lífsgæði...Lífsgæði fyrir mér er ekki endilega að vera í sambúð en að hafa fjölskyldu það er mikilvægt...Það eru ákveðin lífsgæði að vera boðið í mat.*

Að hafa öruggt húsnæði. Margir viðmælendur áréttuðu mikilvægi þess að eiga gott heimili eða hafa að minnsta kosti öruggt húsnæði. Þetta þema tengdist þó umræðu um fjármál að verulegu leyti.

Að hafa vinnu, hlutverk og eitthvað til að stefna að. Mikilvægi þess að hafa eitthvað fyrir stafni kom ítrekað fram. *Vinnan er stór hluti af lífsgæðum því grunnurinn er að fá peninga, laun...Lífsgæði er það að hafa hlutverk. Fyrir mér er það að hafa eitthvað að gera...Það að vera með þetta hlutverk hjálpaði mér eitthvað með að vinna mig upp úr þunglyndinu.* Stöku viðmælendur áréttuðu mikilvægi þess að geta ferðast og upplifað eitthvað skemmtilegt, það gaf lífi fólks gildi. Þrátt fyrir kröpp kjör voru dæmi um að fólk legði í ferðasjóð. Aðrir töluðu sérstaklega um mikilvægi að stunda áhugamál.

Að eiga vini og félagu. Mikilvægi félaga og vináttu kom fram hjá nokkrum viðmælendum en þetta var þó ekki jafn algengt og ætla mætti. *Ég á mín áhugamál, þrjóna og elda og þetta og hitt. Ef ég væri ekki að hitta neinn þá er enginn tilgangur í því að fara frammúr til þess að elda eða þrjóna.* Aðrir söknuðu þess að eiga ekki félagu, t.d. til að ferðast með. *Ég held líka að allir menn séu svipaðir að því leyti að maður er manns gaman. Því meiri félagskapur og því meira tengslanet þá líður þér betur, held ég.*

Að hafa heilsu. Í ljósi þess hve margir áttu langa sjúkdómssögu að baki var athyglisvert að fólk setti heilsuna sjaldnast í fyrsta sæti þegar spurt var út í forsendur þess að lifa góðu lífi. Flestir ræddu t.d. áhrif lyfja á heilsu. *Ég tekst á við þunglyndið með því að nota húmorinn, þannig að ég kem mér til þess að skemmta mér eins mikið og ég get. Hvort sem það er ég sem geri brandara eða einhver annar...Helsta vandamálið varðandi heilsu mína og veikindi er paranoja. Þetta er ekki fólksfælni heldur týpísk paranoja þar sem ég hugsa að sumir séu að plotta eitthvað gegn mér.*

Hvernig styður starfsemi Hlutverkaseturs við lífsgæði. Fram komu fjölmörg dæmi um það hvernig Hlutverkasetur styður við daglegt líf og lífsgæði notenda. Gögnin um starfsemi Hlutverkaseturs voru flokkuð í eftirfarandi þemu; Festa og rútína, félagskapur, vinna, griðarstaður, staður til að rækta hæfileika, áhugamál og annað.

Festa og rútína: Langflestir viðmælendur lögðu áherslu á að Hlutverkasetur veitti mikilvæga festu og rútínu í daglegu lífi. *Ef ég væri ekki að koma svæfi ég örugglega allan daginn...Ég myndi bara drabbast niður því það væri ekkert til að koma manni framúr rúminu.* Einnig kom fram mikilvægi ákveðins sveigjanleika sem er að finna á staðnum. *Ég þarf ekki að vera mætt kl. þetta en ég þarf að*

mæta, þarf að láta sjá mig svo ég fái ekki símtal..Halló, er ekki allt í lagi með þig. Fram kom að viðveran í Hlutverkasetri veitti mikilvæga umgjörð sem hjálpaði fólki til dæmis að takast á við áhrif þunglyndis. Ég er kominn með rútinu núna. Svo ég sé ekki bara liggjandi heima að gera ekki neitt. Hlutverkasetur er hluti af þessari rútinu.

Félagsskapur: Félagsskapurinn í Hlutverkasetri var flestum viðmælendum ofarlega í huga. *Ég kom upphaflega til að rjúfa félagslega einangrun. Ég er búinn að koma hérna núna í bráðum ár. Hægt og bítandi hefur mér tekist að mynda vinatengsl og opna mig meira. Ég á nokkra vini hérna núna sem ég er mjög ánægður með því áður fyrr þá lokaði ég mig af og vildi ekki eignast neina vini...Vildi bara vera einn og sat þá uppi með sjálfan mig... Ég á hérna vini og félagsskap og fólk er venjulega þægilegt í viðmóti við mig og ég sakna þess ekki að sitja einn heima. Fram kom að starfsemin nýttist vel til að takast á við félagslegar áskoranir einhvers konar samskiptaæfingarbúðir og að Hlutverkasetur hafi veitt fólki tækifæri til að rækta samfélagið. Ýmsir höfðu eignast góða vini á staðnum en aðrir lýstu kunningjasamböndum. Hlutverkasetur hefur haft áhrif varðandi félagsskap en það er allt annað eftir ég fór að koma. Það er síðan mjög þægilegt að spjalla við fólk í Hlutverkasetri, ég reyni að mæta á hverjum degi...Hlutverkasetur tengist lífsgæðum mínum þannig að mér finnst gaman að mæta, hitta fólkið og eiga gott spjall. Hér hitti ég fólk sem er ekki á sama tempói og fólkið sem ég vann með áður. Það er allt öðruvísi fólk hérna, miklu meira svona jarðbundið. Þakklátara fólk einhvernvegin finnst mér. Fólk sem er búið að lenda í mörgu og kann meira að meta hlutina.*

Vinna: Margir viðmælendur lýstu Hlutverkasetri sem vinnustað sínum. Sumir þeirra voru ráðnir til starfa í Hlutverkasetri. Margir litu á staðinn líkt og hvern annan vinnustað. *Það sem ég hef í staðinn fyrir vinnu er Hlutverkasetrið. Þetta er eiginlega mín vinna. Stöku aðilar höfðu reynslu af hvoru tveggja. Var fyrst notandi og síðan starfsmaður seinna meir...Svo var mér boðin vinna. Þetta er mikil framför og breyting til hins betra fyrir mig. Þegar þetta er komið vex sjálfsvirðingin sem þýðir minni kvíða og aukna vellíðan...Hlutverkasetur hefur verið vinnustaður minn í mörg ár. Það eru lífsgæði að þekkja mikið af fólki sem er hérna.*

Griðastaður: *Hlutverkasetur er í raun mitt annað heimili. Þó ég taki mér stundum frí hefur staðurinn hjálpað mér á alla vegu. Viðmælendur kunnu að meta það að fólki var mætt á eigin forsendum, eins og það er og að jákvæðni og fordómaleysi væri ríkjandi. Hér er tekið á móti öllum sama hver þeir eru. Öllum er gefin séns. Ýmsir lögðu áherslu á að ekki væri verið að ráðskast með þá og engin forræðishyggja í gangi. Mér finnst þetta vera svona opið svæði þar sem hver sem er getur sagt eitthvað og þú ert ekki skammaður. Eða sagt við þig: Þú verður að taka lyfin þín eða eitthvað. Það besta er að það er ekki neitt svona. Nú höfum við gert allt sem við getum fyrir þig, nú verður þú að fara eitthvað annað. Sem hefur verið allstaðar annars staðar.*

Staður til að rækta hæfileika og áhugamál: Margir viðmælendur lögðu áherslu á fjölbreytt framboð af tólmstundaiðju á staðnum. *Að geta bætt við sig þekkingu á ýmsum sviðum. Ég hef mikinn áhuga á að vinna með leður núna, gera eitthvað*

nýtt í leðrinu...Mála, teikna og gera lopa...Fara í skapandi skrif...Svo hef ég bara verið að spjalla við einhvern, það er ágætt líka...Hefur áhrif á lífsgæði mín, til dæmis það að mæta í sönginn...Fyrst kom ég, drakk einn kaffibolla og fór svo en svo fór ég að mæta. Mæta í myndlistina, tengjast staðnum og fólkinu. Það er mjög gott... Ég er að halda sýningar, ég er alltaf að skapa eitthvað og aldrei meira en núna... Áður fyrr þá hafði ég ekki neitt. Nú er bara svo gaman að lifa liggur við.

Annað: Notendur í Hlutverkasetri töluðu líka um að hafa fengið aðstoð við ýmis praktísk mál. Mér var t.d. hjálpað að komast á örorkubætur. Áður þurfti maður að berjast fyrir öllu sjálfur, t.d. að halda íbúðinni og fá endurhæfingarlífeyrir. Það er þetta sem maður fær nefnilega hérna það sem maður á erfitt með að gera sjálfur hef ég fengið aðstoð með...Mér finnst starfsemin í Hlutverkasetri vera rosalega góð og virðingarvert að henni sé haldið úti.

Samningur við Vinnumálastofnun.

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi stendur úrræðið til boða þeim sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnmenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Í öðru lagi að aðstoða með sértækum endurhæfingaraðgerðum einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf/hlutverk við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Úrræðið hentar einnig þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum. Samningurinn gildi til ársloka 2021. Nýr samningur var gerður í lok árs sem gildir út 2023.

Þegar starfsemin var eðlileg komu á milli 10–15 einstaklingar í kynningu á viku. Flestir skiluðu sér hins vegar ekki, einstaka mættu í 2 – 3 skipti, en skráðu sig ekki. Innan sviga til samanburðar er fjöldinn fyrir árið 2020, Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar sl. ár og uppfylla skilgreininguna þjónustuflokka 1–5 voru 199 (150) einstaklingar. Fjölgun var því um 32% á milli ára, þrátt fyrir takmarkanir vegna Covid. Í hverjum mánuði komu 71-98 (75-91). Kynjahlutfallið hefur breyst lítillega á milli ára, hlutfall karla dróst saman 82 (73) og hlutfall kvenna jókst en þær voru, 117 (77). Meðalaldur hélst eins 44 ár (44) (tafla 1). Við komuna í Hlutverkasetur eru mismunandi þarfir metnar. Einstaklingar sem þurfa lítinn sem engan stuðning tilheyra fyrsta flokknum og svo eftir sem þörf á stuðningi eykst, hækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2–4 (tafla 3). Aldursdreifing er nokkuð jöfn, sjá töflu 2.

Komur, aldur og kynjahlutfall


	2021	2020
Komur á ári	199	150
Komur á mánuði	71-98	75-91
Meðalaldur	44	44
Karlar	82	73
Konur	117	77

Tafla 1

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-29	34	17,1
30-39	47	23,6
40-49	51	25,6
50-59	48	24,1
60+	19	9,5
Alls	199	100

Tafla 2

Aldursdreifing þátttakenda



Tafla 3

Þegar framfærsla er skoðuð eru flestir þátttakendur á örorkubótum og endurhæfingarlífeyri 79% (157), sjá töflu 4. Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík 78% (155). Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda. Þeir sem koma á eigin vegum hefur nánast staðist í stað á milli ára og er 37% (73). Flestir koma í Hlutverkasetur með tilvísun frá fagaðilum af geðsviði LSH og öðrum fagaðilum 45% (89). Einnig er ánægjulegt að sjá að Geðheilsuteymi heilsugæslunnar eru farin að vísa á Hlutverkasetur í auknum mæli með 16% (8) af tilvísunum. Hluti hópsins sem segist hafa komið á eigin vegum hefur í upphafi verið bent á Hlutverkasetur í gegnum til dæmis VMST eða VIRK. Á þeim tíma hafa þeir ekki verið tilbúnir að taka þátt í starfseminni og koma því seinna. Þegar þeir taka þátt koma þeir því að eigin frumkvæði en ekki vegna tilvísunar. Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Þátttakan leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Töluverður fjöldi er

einnig með eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl.

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
2	40	43	43	46	48	40	35	34	41	41	50	42
3	32	39	35	33	30	33	31	33	45	40	43	42
4	9	8	9	8	7	7	5	4	4	4	5	4
5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Alls	81	90	87	87	85	80	71	71	90	85	98	88

Innkoma

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnaleysibætur	15	8
Örorkubætur	103	52
Endurhæfingarlífeyrir	54	27
Félagsstyrkur	7	4
Vinna	6	3
Óþekkt	8	4
Sjúkradagpeningar	5	3
Nemi	1	1
Samtals	199	100

Tafla 4

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	9	5
LSH	35	18
VMST	0	0
Á eigin vegum	73	37
Önnur úrræði	11	6
Virk	1	1
Aðrir fagaðilar	54	27
Geðheilsuteymi	16	8
Samtals	199	100

Tafla 6

Búseta þátttakanda

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Reykjavík	155	78
Kópavogur	16	8
Garðabær	0	0
Hafnarfjörður	9	5
Mosfellsbær	5	3
Seltjarnarnes	3	2
Reykjanesbær	3	2
Vogar	0	0
Annað	8	4
Alls	199	100

Tafla 5

Samfélagsþátttaka

Hvert	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	98	49
Vinna	12	6
Nám	7	4
Önnur úrræði	28	14
Annað	53	27
Bið	1	1
Samtals	199	100

Tafla 7

Samningur við Reykjavíkurborg

Samningur AE starfsendurhæfingar/Hlutverkaseturs og Reykjavíkurborgar gilti út árið 2021. Skipting styrksins á milli verkefna er samkomulagsatriði og gerð í samráði við þjónustukaupanda eins og gert hefur verið síðastliðin ár.

Samningurinn fyrir árin 2019-2021 var svohljóðandi:

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningastuðningur.

Verkefni 2: Verkefni um atvinnuþátttöku og aðra samfélagsþátttöku.

Verkefni 3: Úttektir.

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur

Bergþór G. Böðvarsson hefur haldið utan um þetta verkefni ásamt Einari Kvaran og Óskari Ögra Birgissyni, sem tók við af Einari á haustmánuðum 2021. Sóttvarnarreglur vegna Covid í upphafi árs gerðu það að verkum að ekki var hægt að fara í heimsóknir á búsetukjarna. Sá tími var nýttur í að skrá inn NsN (Notandi spyr notanda) viðtölin sem tekin höfðu verið á síðasta ári, ásamt því að hringja í forstöðumenn/deildarstjóra til að reyna að finna tíma fyrir kynningar á kjörnum. Alls voru 23 símtöl tekin á fimm kjörnum. Í mars var haldin kynning á NsN verkefninu á Gunnarsbraut 53 (4) og önnur kynning var haldin í júní á Flókagötu 29-31 (3). Í lok júní var kynning á Austurbrún 6 (7) og viku seinna á Dalbraut 23 (8) Í ágúst var kynning á Bríetartúni (5). Samhliða kynningum á NsN verkefninu var dagskrá Hlutverkasetur kynnt fyrir íbúum og starfsmönnum. Tekin hafa verið NsN viðtöl við 11 starfsmenn á þremur kjörnum og 9 íbúa á fimm búsetukjörnum, sjá nánar undir úttektir.

Elín Ebba sat fundi á árinu varðandi breyttar áherslur í starfsemi Vinjar. Eins veitti hún ráðgjöf um hvernig mætti nýta hugmyndafræði Vinjar í félagsmiðstöðum á vegum borgarinnar. Liðsaukinn leitaði einnig ráðgjafar vegna skjólstæðings og í framhaldinu var farið í heimilisvitjun. Hún ásamt NsN starfsmönnum sat fund með yfirstjórn Rvk (8) í lok september til að ræða frekari samstarf og hugmyndir um framtíðarverkefni.

Verkefni 2: Atvinnuþátttaka og/eða önnur samfélagsþátttaka

Frá áramótum hefur 31 (22) einstaklingur verið skráðir hjá Reykjavíkurborg, í tengslum við samfélagsþátttöku. Innan sviga eru tölur frá 2020. Um er að ræða 25 (18) karla og 6 (4) konur, þar af eru 25 (20) Íslendingar og 6 (2) af erlendum uppruna. Sylviane Lecoultre stundaði sjálfboðavinnu tvisvar í viku og aðstoðaði fólk af erlendum uppruna sem ekki hefur vald á ensku en talar frönsku. Hún hefur fylgt eftir þremur einstaklingum í tengslum við atvinnuþátttöku. Hún kemur einnig einu sinni í viku og kennir frönsku. Andri Vilbergsson fór að vinna hjá Vettvangsgeðteymi Reykjavíkurborg í október 2020. Um leið og takmörkunum vegna Covid var aflétt voru haldnir fundir (5) með Andra til að finna hvaða leiðir væri best að fara í tengslum við samvinnu.

Störf hjá Reykjavíkurborg. Samvinnuverkefnið á milli Reykjavíkurborgar og Hlutverkaseturs hefur staðið yfir í nokkur ár. Markmið með samstarfinu er að auka atvinnuþátttöku íbúa sem búa í íbúakjörnum. Covid setti heldur betur strik í

verkefnið og var ekki hægt að halda því áfram. Tengslin við þá sem voru byrjaðir í vinnu eru enn. Hins vegar hafa engin ný störf skapast. Hlutverkasetur hefur boðið einstaklingum sem hafa nýtt sér starfsemi Hlutverkasetus hlutastörf.

Virkni utan Hlutverkaseturs

Listsýningar. Hlutverkasetur tók þátt í „(V)ertu úlfur – samtal um geðheilbrigði“ á málþingi í Þjóðleikhúsinu þann 20. september. Um 40 myndlistarverk eftir 15 listamenn úr smiðju Hlutverkaseturs voru sýnd á stórum skjá, sýndir voru frumsamdir leikþættir þar sem leikendur úr leikhópnum Húmor notuðu úlfagrímur sem hannaðar og unnar voru af Önnu Henriksdóttur listgreinakennara. Auk þess stóð Elín Atim fyrir gjörningi þar sem frumflutt var myndband sem hún samdi og lék í. Fjallaði það um nauðungarvistun. Í framhaldinu var sett upp sýning með öllum úlfamyndunum og grímunum í Hlutverkasetrinu og nokkrar myndir sýndar í Árbæjarsafni í október. Sú sýning var í tengslum við Listvistarferð á Árbæjarsafnið sem farin var í byrjun árs og út frá þeirri upplifun voru unnin pappírsværk og steinaverk. Sýningin nefndist „*Hughrif*“ og fjallaði um þau áhrif sem ferð á safnið hafði á þátttakendur.

Hreyfing. Daglegar gönguferðir byrjuðu í Covid (2 – 5). Stoppað var í hverjum túr og hugleitt í Landakotskirkju. Var því haldið áfram á meðan Einar Kvaran starfaði innan Hlutverkaseturs. Einn göngugarpurinn hélt síðan göngunum áfram tvisvar í viku. Í sumar þegar veður leyfði var farið í frísíggolf á Klambartúni einu sinni í viku. Eins var farið í gönguferð einu sinni í viku frá Salalaug í Kópavogi og í framhaldinu var farið í sundlaugina þar sem hin ýmsu mál voru krufin til mergjar (2 -7). Sundhöllin var einnig nýtt (2-4) og Nauthólsvíkin í sjósund (2 – 6). Hvorki náðist að skapa sömu stemningu fyrir sjósundi né sundferðum þegar Covid leyfði. Margir veigruðu sér við að vera innan um marga.

Bíóferðir (25). Eitt skipti náðist í bíó og var þá farið á Riff kvikmyndarhátíðina „*Acting out – Ekki einleikið*“.

Leikhús, menningarferðir o.fl.

Nokkrir íbúar frá íbúakjörnum sem mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur eru leikhúsvinir. Það þýðir að ef Hlutverkasetri eru boðnir miðar í leikhús þá er einnig haft samband við þá.

Leikhúsferðir. Tvær leiksýningar voru fyrir sumarið ein í Borgarleikhúsinu, *Kjarval* (10) og ein í Þjóðleikhúsinu *Vertu Úlfur* (10). Í september fór að rofa til og var farið á rennsli á *Níu líf Bubbi Morteins* – söngleikur í Borgarleikhúsinu (40), *Er ég mamma mín?* (35) og málþingið í Þjóðleikhúsinu *(V)ertu úlfur – samtal um geðheilbrigðismál* (45). Í nóvember var okkur boðið á leiksýninguna *Veisluna* (25) og *Njálu* (20).

Töframáttur tónlistar. Menningarmargfætlan fór á tónleika sem Gunnar Kvaran heldur utan um í febrúar (7).

Listasöfn. Farið var í þrjú söfn í byrjun árs; Ljósmyndasafnið (10), Landnámssafnið (8) og Árbæjarsafn (11). Listasafn Reykjavíkur bauð hópnum í heimsókn en hún féll niður vegna Covid. Safnaferðir byrjuðu aftur eftir sumarfrí í september, þá var farið í Ljósmyndasafnið (5). Í október var farið í Listasafn Reykjavíkur (7), í nóvember í Sjóminjasafnið (4) og desember í Listasafn Reykjavíkur (6). Hlutverkasetur bauð skjólstæðingum Batamiðstöðvarinnar og notendastarfsmönnum heilsugæslunnar í

Geðheilsuteymi vestur og austur að koma með á söfnin sem hluta af samvinnu á milli staða.

Ferðir. Fella þurfti niður „sumarbústaðaferð“, í húsnæði Bergmáls á Sólheimum í Grímsnesi, sem fyrirhuguð var í byrjun september. Fyrir marga hefur þetta verið eina ferðin sem þeir fara út fyrir bæinn. Bergmál hefur lánað húsnæðið endurgjaldslaust og Samhjálp styrkt hópinn með ýmis konar matvöru. Fólk hefur náð að tengjast vel í þessum ferðum og það myndaðist t.d. kvannahópur síðast sem hittist áfram reglulega án aðkomu Hlutverkaseturs. Því voru mikil vonbrigði að fella þurfti ferðina niður þar sem mikilvægi hennar hefur sýnt sig á síðustu árum.

Fótboltaverkefnið FC Sækó

Fótboltaverkefnið FC Sækó. Geðveikur fótbolti fyrir konur og karla sem glíma við geðrænar áskoranir og aðra áhugasama. Bergþór hefur haldið utan um fótboltaverkefnið FC Sækó - geðveikur fótbolti. Verkefnið er afrakstur af einni NsN úttektinni 2011 og er samstarfsverkefni á milli Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og geðsviðs Landspítalans. Sóttvarnarreglur vegna Covid höfðu áhrif á fjölda æfingatíma á tímabilinu en alla jafna er æft þrisvar í viku yfir vetrartímam. Frá 18. janúar til 24. maí, með hléum vegna Covid, voru æfingatímar 39 skipti og á hverja æfingu mættu að meðaltali 16 manns. Yfir sumartímam var æft tvisvar í viku, 29 skipti frá 24. maí til 13. september. Einnig tók liðið þátt í Boladeildinni en það er 7 manna fótbolti sem spilaður er á Leiknisvelli í Breiðholti, hver leikur 2x25 mínútur. FC Sækó tók þátt og spilaði 10 leiki og alls tóku 13 notendur þátt í þeim leikjum. Sjö fundir vegna fótboltans voru haldnir á árinu og voru þrír þeirra vegna samstarfsverkefnis við KSÍ en verkefnið var valið sem samfélagsverkefni KSÍ árið 2021. Með því fylgdi að FC Sækó fékk að æfa fjórum sinnum á Laugardalsvelli (aðalleikvangi Íslenska landsliðsins) og á þrem þeirra æfinga mættu landsliðsþjálfarar og aðrir þjálfarar KSÍ. Akureyrarferð sem og aðrar ferðir sem voru í bígerð þar sem spila átti við KF Múrbjóta, sambærilegt lið við FC Sækó, var frestað. KSÍ ætlaði að styrkja þá ferð og stendur það enn til boða ef ferðin verður að veruleika. Einn til tveir notendur hafa séð um æfingarnar þegar Bergþór kemst ekki.

Verkefni 3. Úttektir

NsN þjónustukönnun. Á tímabilinu 2019 – 2021 voru tekin NsN viðtöl eins og stendur í samningum *til að skoða aukið samstarf húsnæðis fyrir fatlað fólk og styrkþega og kortlagning gerð á áhugasviði starfsmanna og íbúa.* Ákveðið var að taka út stöðuna hjá þremur kjörnum til að byrja með. Verkefnið hófst með fundi með yfirmanni á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg og tveimur forstöðumönnum búsetkjarna. Þar var verkefnið kynnt og forstöðumennirnir beðnir að kynna það áfram á sínum starfstöðum. Í framhaldinu unnu NsN starfsmenn leiðarvísi til að styðjast við í viðtölum við íbúa og starfsmenn. Viðtöl voru tekin við 11 starfsmenn á fimm kjörnum og 9 íbúa á fjórum kjörnum. Viðtölin við starfsfólkið voru tekin á tímabilinu september 2019 til janúar 2020, ýmist í persónu eða í gegnum fjarskiptabúnað. Viðtölin við notendur voru öll tekin í persónu á árinu 2021. Erfitt reyndist að fá aðgengi af bæði starfsmönnum og íbúum. Covid var þar stór hindrun, en forstöðumenn gegndu líka lykilhlutverki í að styðja við að ná í viðmælendur. NsN

starfsmenn eru algjörlega háðir því að forstöðumenn og/eða deildarstjórar hafi áhuga á verkefninu og sjái gildi þess. Þó svo að yfirstjórn velferðarsviðs leggi ríka áherslu á að NsN úttektir séu gerðar varð reyndin önnur.

NsN viðtöl við starfsmenn. Nokkrir starfsmenn sögðu að stefnan væri að ráða fólk með mismunandi reynslu og áhugamál sem gæti komið sér vel til að virkja íbúa. Það komi fram í ráðningarviðtölum. Ef starfsfólk fékk stöðuhækkun innan kjarnans minnkaði tíminn með íbúum. Það sem háði starfseminni var að duglegir starfsmenn stoppuðu oft stutt. Erfitt virðist vera að umbuna góðu starfsfólki og koma í veg fyrir að það hætti. Aðeins tveir viðmælendur sögðust hafa náð að nota áhugamál sín til að virkja íbúa. Annar þeirra talaði um að það væri mikill munur á þeim sem búa innan kjarnans eða utan hans í sjálfstæðari búsetu. *Mun auðvaldara er að virkja íbúa með því að heimsækja þá heim til þeirra, þegar heimili þeirra er utan kjarnans.* Einn viðmælandi sagðist telja að flestir íbúar ættu að geta verið í sjálfstæðri búsetu með viðeigandi stuðningi. *Stærsti vandinn er að það vantar húsnæði á viðráðanlegu verði, leigu- og íbúðarverð í dag er allt of hátt.*

Varðandi áhugamál og virkni kom líka fram að það var ekki mikið talað um úrræði sem notendur gætu nýtt sér, s.s. Bataskólann, Geysir, Hlutverkasetur, Hugarafli og Vin. Einn viðmælandi hafði t.d. ekkert heyrt um þessi úrræði og flestir höfðu aldrei farið í eða fengið kynningu á þessum úrræðum. Það var einnig talað um að samræður á milli starfsmanna og íbúa í starfsmannaíbúðum ættu það til að vera svolítið þvingaðar. Stundum væri það vegna aldursmunar íbúa og starfsmanna, sum staðar er stór hluti starfsmanna talsvert eldri en íbúar. Annars staðar er þetta öfugt, þ.e að íbúar voru mun eldri en starfsmenn. Einn starfsmaður benti á að stundum væri erfitt að koma á góðum samræðum vegna þess að starfsmenn litu á starfsmannaíbúðina sem *sitt svæði*. Þrír viðmælendur töluðu um að í starfsmannaíbúðunum færi stundum mikill tími í að tala um hvor hafi meiri réttindi, starfsmenn eða íbúar. Til dæmis varðandi það að hve miklu leyti íbúar eigi að gera hlutina sjálfir og að hve miklu leyti starfsmenn eigi að aðstoða þá. Einn viðmælandi nefndi að neikvæð umræða starfsmanna um veðrið og fleira gæti dregið úr áhuga íbúanna á virkni. Annar viðmælandi talaði um að margir íbúar kæmu bara í starfsmannaíbúðina til að fá sér kaffi og vera innan um aðra. Ekki endilega til að spjalla mikið heldur bara að vera.

NsN viðtöl við íbúa. Íbúar voru almennt sáttir við hlutverk starfsfólks á íbúðarkjörnum og voru ekki með hugmyndir um það hvernig það ætti að vera öðruvísi. Hins vegar voru væntingar til starfsfólks mjög ólíkar og endurspegladist það í svörum. Flestir töldu hlutverk starfsfólks fyrst og fremst vera að aðstoða við þrif. Einn viðmælandi sagði: *Maður er öruggur hérna, svo er ýmislegt gert hérna fyrir mig. Mér er t.d. hjálpað við að þrifa íbúðina.* Annar sagði að það eina sem starfsmenn geri fyrir hann sé að skúra hjá honum og hann virtist sáttur við það fyrirkomulag. Sá þriðji sagði hlutverk starfsmanna aðallega það að hjálpa honum við stórþrif einu sinni í mánuði. Honum hafði stundum verið boðið í göngutúra eða aðra virkni en það virtist ekki skipta hann miklu máli.

Stöku íbúar lögðu áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk styddi þá og hvetti áfram. Einn sagði að hlutverk starfsfólks sé *að styðja mann, bara eins og þeir gera*. Hann hafði farið með starfsmönnum í leikhús og sund og hefði áhuga á að gera meira af

því. Einn átti hjól og saknaði þess að ekkert annað hjól væri á staðnum svo að starfsmaður gæti farið í hjólatúr með honum einstaka sinnum. Einn íbúi sagði að starfsfólkið hjálpaði sér við að gera það sem viðkomandi ætti erfitt með að gera og aðstoðaði við að koma sér í virkni utan kjarnans, einnig að fara í önnur úrræði eins og t.d. Batamiðstöðina. Viðkomandi gat leitað til starfsfólks í erfiðleikum. *Starfsfólkið er líka mjög fínt. Þau hjálpa mér rosalega mikið. Segja bara, við förum í gegnum þetta með þér. Við gerum þetta bara saman.* Stundum ræddu viðmælendur um starfsfólk sem féлага sína og fannst það líka gott að geta leitað til þess þegar því liði illa. Einn talaði um það að þegar tímabil koma sem honum líður mjög illa tali hann við starfsmennina og þá líði honum betur. *Starfsmennirnir eru flinkir við að hlusta og aðstoða.*

Ákveðinn hópur íbúa virtist hins vegar vilja hafa aðkomu starfsmanna sem minnsta. Einn vildi ekki að fólk skipti sér af honum og var hvorki í samskiptum við aðra íbúa eða starfsfólk á kjarnanum. Annar kvartaði yfir því að starfsfólkið væri ekki nægjanlega vel menntað og kæmi sjaldan í heimsókn. En aðrir höfðu lítið til málanna að leggja. *Starfsfólkið kemur hingað sjaldan og þegar það kemur talar það varla neitt af viti og ég ekki heldur.* Hann er samt jákvæður í garð búsetunnar. Hann hefur heimsótt aðra búsetukjarna og telur þann sem hann býr á vera þann besta. Aðrir eru á því að starfsmenn gegni lágmarkshlutverki í því að aðstoða við þrif og virðast vera sáttir við það.

Hugleiðingar. Ætla má að ólík reynsla og áhugasvið starfsfólks nýtist vel þegar reynt er að virkja íbúa. En það er greinilegt að sitthvað þarf að bæta svo góðir starfsmenn geti notið sín í starfi. Það er áhyggjuefni að áhugasamir og duglegir starfsmenn virðast hætta þegar ekki er hægt að umbuna þeim á einhvern hátt. Það er líka mikilvægt að sjá til þess að sú virkni sem starfsmenn sinna með íbúum detti ekki niður ef þeir hætta eða eru fluttir til í starfi. Það þarf að skoða betur hlutverk starfsmanna. Getur það flækst fyrir starfsmönnum að þurfa að sinna ólíkum hlutverkum? Stundum þurfa þeir að vinna sem jafningjar og eru þá í starfi liðveitenda, stundum eru þeir aðstoðarmenn varðandi athafnir daglegs lífs s.s. við þrif og stundum þurfa þeir að fylgja eftir meðferð eins og að gefa lyf eða sjá um að útfæra verk sem íbúar eru kannski ekki sáttir við. Er hægt að vinna traust ef þú ert stundum vinur og stundum í verkefnum sem verður að framkvæma í meðferðarlegum tilgangi? Það má líka velta fyrir sér hlutverki starfsmannaíbúðarinnar, hvort að þar sé nógu mikil áhugahvetjandi umræða eða hvort íbúar og starfsmenn líti bara á hana sem setustofu þar sem hægt er að fá sér kaffi. Varðandi samvinnu kjarnanna um ýmis verkefni væri hægt að ráða starfsmenn sem vinna þvert á kjarna miðað við þekkingu sem tengjast áhugamálum og starfsmenn með notendareynslu og þekkingu á virkniúrræðum. Viðkomandi starfsmenn gætu leitað eftir sérstökum hæfileikum eða áhugamálum bæði hjá íbúum og starfsfólki og aðstoðað við að koma þeim í réttan farveg.

Frekari hugleiðingar. Skoðuð voru tengsl milli úttekar á þátttakendum Hlutverkaseturs (kaflinn árangursmat bls. 7) og ofangreindra viðtala. Þar var kannað hvað fælist í hugtakinu lífsgæði og góðu lífi að mati þátttakenda. Fjárhagur og öruggt húsaskjól var sett efst á lista viðmælenda. Reykjavíkurborg hefur síðust árin haft þá stefnu að setja í forgang húsnæðismál. Ef fjárhagur hindrar fólk í að flytja í

sjálfstæðari búsetu skapar það vanda sem verður að vinna gegn. Mikilvægi fjölskyldunnar var einnig dregið fram og því mætti skoða betur á hvern hátt íbúar hafa tengsl við sínar fjölskyldur og hvort hlúa mætti betur að þeim tengslum. Hjá þeim sem ekki eiga fjölskyldu, að huga að tengslaneti viðkomandi. Í fyrri NsN útttekum kom fram að starfsfólkið í íbúakjörnum sé oft einu tengslin sem íbúar hafa. Í þeim tilfellum ber að skoða nánar þessi tengsl. Geta t.d. tengsl við starfsmenn hamlað því að einhvern flytji í sjálfstæðari búsetu?

Eru starfsreglur að hindra eðlileg tengsl? Er áhugi hjá starfsmanni að rækta betur þessi tengsl en hann getur það ekki sökum þess að hann er starfsmaður? Að vinna á jafningjagrunni býður upp á alls kyns tækifæri til að efla fólk sem er jaðarsett en það getur líka valdið togstreitu ef ekki er unnið með þessi tengsl meðvitað. Starfsmaður má ekki fá samviskubit og finnast hann vera ófaglegur ef hann á samleið með einhverjum íbúanum t.d. varðandi áhugamál. Ef starfsmannaíbúðir eru t.d. helsti vettvangur íbúa til að eiga félagsleg samskipti, verður að skoða og breyta þessu fyrirkomulagi svo íbúar þurfi að leita annað til að verða virkari í samfélaginu. Liðsaukinn er dæmi um slíkt. Unnið er út frá ákveðinni starfsstöð og starfsmenn fara þaðan í nærumhverfi viðkomandi. Annað sem þarf að vinna með er hlutverk starfsmanna. Hvenær eru þeir félagar/jafningjar og hvenær eru þeir í hlutverkum meðferðaraðila? Þú missir félaga þinn og traust ef þú ert settur sem starfsmaður í það hlutverk að fylgja eftir meðferðáætlun sem íbúi er kannski ekki sáttur við. Þessum tveimur hlutverkum þarf að halda aðskildum. Kannski er komin tími til að endurskilgreina starfsmannaíbúðir sem og hlutverk starfsmanna.

Að geta unnið miðað við getu og áhuga er öllum mikilvægt sem og að hafa hlutverk sem hefur þýðingu og gildi fyrir viðkomandi. Hlutverkasetur hefur tekið þátt í að veita íbúum stuðning í vinnu sem liðveitendur. Með stuðningi hefur það tekist vel. Finna þarf fleiri atvinnutækifæri innan Reykjavíkurborgar sem hægt væri að byrja á í hlutastarfi. Hlutverkasetur hefur skapað störf fyrir notendur og gefið mörgum tækifæri að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Eins og fram kemur í niðurstöðunum tengjast lífsgæði því að eiga vini sem maður gerir eitthvað með. Starfsemi Hlutverkaseturs, Vinjar, Klúbbsins Geysis og fleiri staða gefa slík tækifæri. Það er mikilvægt að styðja fólk til samfélagsþátttöku, fara út og taka þátt í viðburðum. En það má ekki vera á kostnað þess að aðstoða þessa einstaklinga að mynda tengsl og halda tengslum við annað fólk. Alls kyns hindranir eru í veginum fyrir því að efla fólk en þær þurfa að vera sýnilegri svo hægt sé að takast betur á við frekara sjálfstæði, útilokun og jaðarsetningu.

Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur er í samstarfi við önnur úrræði og stofnanir til að þekking nýtist sem best á milli staða og til að meiri samfella og stuðningur sé við einstaklinga á milli úrræða. Eins hefur Hlutverkasetur tekið þátt í verkefnum sem hafa samfélagslegt gildi. Heimsóknir á milli staða féllu niður á árinu. Sem dæmi um samvinnu þá vinnur Bergþór G. Böðvarsson í Hlutverkasetri, Batamiðstöðinni LSH v/Klepp, Geðheilsuteymi austur, kennir í Bataskólanum og er í Aðgengis- og samráðshópi fatlaðs fólks á vegum Reykjavíkurborgar. Elín Ebba er í stjórn Geðhjálpar.

Samstarf við Batamiðstöðina geðsvið LSH. Iðjubjálfar á geðsviði LSH við Hringbraut eru nú staðsettir á Kleppi. Samstarfið er enn þótt að heimsóknunum fækkaði verulega vegna Covid.

Samstarf við búsetukjarna Reykjavíkurborgar. Lítil vísir af samstarfi hefur þróast þar sem starfsmenn geta komið út frá eigin áhugamálum og virkjað íbúa og þá sem eru á staðnum. Covid stoppaði það, þar sem alla slíka tíma þurfti að fella niður.

Samstarf við Vin. Tveir félagar í Vin, komu einu sinni í viku meðan færi gafst og kenndu skák.

Samstarf við KPT senteret í Þrándheimi. Samstarf hefur verið í mörg ár milli KPT sem er notendastýrð þjónusta og Hlutverkaseturs í tengslum við NsN úttektir og aukin áhrif notenda í þróun þjónustu. Unnið var með umsóknir til að þróa frekara samstarf og fá fleiri Norðurlönd í liðsheildina. Nokkrar umsóknir voru sendar en engin styrkur fékkst á árinu.

Endurmenntun, nefndarstörf, kynningarmál og þátttaka á málþingum

Áhersla er lögð á að starfsfólk Hlutverkaseturs sinni endurmenntun með ýmsum hætti. Þrátt fyrir Covid var hægt að halda úti endurmenntun því flestir ráðstefnur, fræðslur og málþing breyttust í netþing og zoom fundi. Tveir frá Hlutverkasetri voru í nefnd Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 10. okt. Ekki var hefðbundin dagskrá þetta árið en tveir úr nefndinni fóru í viðtal í Mannlega þættinum á Rás 1, annar þeirra er þátttakandi í Hlutverkasetri.

Í Geðhjálpblaðinu sem kom út í tengslum við 10. okt voru viðtöl við þrjá einstaklinga sem tengjast Hlutverkasetri; Opnuviðtalið var við Bergþór G. Böðvarsson um öll þau verkefni sem hann hefur tekið þátt í varðandi geðheilbrigðismál, viðtal var einnig við Ednu Lupitu í tengslum við heimildarmynd sem gerð var um hana *Acting out* þar sem leikhópur Hlutverkaseturs Húmor kom við sögu. Eins var viðtal við einn þátttakandann í tengslum við dagleg störf og geðrækt. Endurtekinn var þáttur á Rás 1 frá árinu 2020 sem fjallaði um Hlutverkasetrið og tekin viðtöl við þátttakendur. Sjónvarpsþátturinn Landinn kom í heimsókn í janúar, tók viðtöl við nokkra þátttakendur og sýndi skemmtileg skot frá daglegri starfsemi. Sex notendur frá Hlutverkasetri tóku þátt í ráðstefnu og hópavinnu á vegum heilbrigðisráðuneytisins *Rétt geðheilbrigðisþjónusta á réttum stað*.

Anna Henriksdóttir, hélt áframi að læra brúðugerð hjá Bernd Orgrödnig. Hún tók þátt í 3ja daga *Hip fest* námskeiði um sama efnið á Hvammstanga í október. Viðburðurinn var í senn alþjóðleg hátíð og námskeið. Listamenn frá Þýskalandi, Mexíkó, Svíþjóð, Swiss, Tékklandi, Slóveníu, Frakklandi, Rússlandi og Ísland tóku þátt.

Ágústa Ísleifsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir kenndu iðjubjálfanemum á fjórða ári um *Notendastýrða þjónustu*. Þær voru einnig með innlegg á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem kallast *Velferðarkaffið* sem var streymt. Yfirskriftin var Sérhæfður stuðningur í heimahúsum. Heiti innleggsins var *Heimili utan heimilis*.

Bergþór G. Böðvarsson, er í stjórn FC Sækó. Hann er jafningjafræðari í Bataskóla Íslands. Hann, er fulltrúi ÖBÍ fyrir hönd Geðhjálp, í aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkur. Hann tók þátt ráðstefnu og hópavinnu um geðheilbrigðismál *Rétt geðheilbrigðisþjónusta á réttum stað*.

Elín Ebba Ásmundsdóttir er í stjórn Geðhjálpar. Hún var í undirbúningsnefnd fyrir G-vítamínin sem er geðræktaráttak á vegum Geðhjálpar. Hún var fulltrúi Geðhjálpar í nefnd á vegum heilbrigðisráðuneytsins um afleiðingar Covid á geðheilsu. Hún fór einnig sem fulltrúi Geðhjálpar á fundi með sérfræðingum í heilbrigðisráðuneytinu, með heilbrigðisráðherra og forsætisráðherra í tengslum við stefnu og áherslur Geðhjálpar. Hún tók þátt í vinnufundum í tengslum við lyfjalausar geðdeildir, Íslandsdeild Amnesty international, Þroskahjálp, nýtt húsnæði fyrir Bataskólann, flutningi á geðdeild á LSH, öryggisþjónustu, öryggisgæslu og geðheilbrigðismál á vegum Félagsmálaráðuneytisins og sat með fulltrúum SA varðandi atvinnuþátttöku. Hún sat fundi á vegum Reykjavíkurborgar í tengslum við velferðarvaktina, *Vettvangsteymið*, nýjar reglur við fjárhagsaðstoð og fatlað fólk, starfshóp um uppbyggingu á verndaðri vinnu, hæfingu og virkniþjónustu og málefni Vinjar. Greinar: Elín Ebba skrifaði grein á visir.is um geðheilbrigðismál sem nefndist *Höfum við gengið til góðs*. Hún var meðhöfundur í tveimur greinum um sama efnið, sú fyrri nefndist *Geðheilsa Íslendinga* og birtist á visir.is og sú síðari birtist í kjarninn.is *Eigið líf*.

Í janúar kynnti hún G-vítamín verkefnið í morgunútvarpi Bylgjunnar, morgunútvarpi K100 og Bakaríinu á laugadagsmorgni á Bylgjunni, í Mannlega þættinum og síðdegisútvarpi Rásar 2. Hún fór í viðtal hjá N4 sjónvarpstöðinni á Akureyri í þátt sem nefndist *Þegar*. Þar talaði hún um Hluverkasetur og geðheilbrigðismál auk G-vítamínanna. Hún nýtti ferðina og heimsótti og veitti ráðgjöf í geðræktarmiðstöðinni Grófinni á Akureyri.

Í febrúar hélt Elín Ebba fyrirlestur á netinu sem nefndist *Geðheilbrigði og G-vítamín* fyrir foreldrafélag íbúa í sveitarfélaginu Árborg. Hún kom fram í Fréttum Stöðvar 2 í tengslum við málefni geðsjúkra

Í mars sat hún rafræna ráðstefnu sem nefndist: *Et sted a bo - om boligsosialt arbeid* haldið af Nasjonalt kompetansesenter for psykisk helsearbeid (NAPHA), KBT Midt-Norge, Nasjonal kompetansetjeneste for samtidig rusmisbruk og psykisk lidelse (NROP) og Rådet for psykisk helse.

Í maí sat hún tveggja daga rafráðstefnu á vegum HA, Sjónaukinn 2021; *Notendamiðuð velferðarþjónusta fortíð, nútíð, framtíð*. Hún ásamt Grími Atlasyni framkvæmdarstjóra Geðhjálpar svaraði spurningum á netinu í tengslum við framþróun í Geðheilbrigðismálum á vegum Pírata.

Í júní tók hún þátt í tveggja daga málþingi og vinnustofu á vegum heilbrigðisráðuneytisins sem nefndist *Rétt geðheilbrigðisþjónusta á réttum stað*. Um 100 fulltrúar veitenda geðheilbrigðisþjónustu og notenda þjónustunnar komu saman í þeim tilgangi að rýna þjónustuferla í geðheilbrigðisþjónustu og gera tillögur að úrbótum. Hún sat þriggja daga ráðstefnu í Hörpu á vegum The 5th spirit of human forum: *Towards a loving world; Leadership and governance for well-being*. Hún sat rafræna fræðslu á vegum WHO, WHO guidelines rights based mental health services; *Is rights-based transformation truly possible in mental health? ... Yes, and it's already started!*"

Í ágúst kynnti hún það sem er efsta á baugi varðandi geðheilbrigðismál á Íslandi fyrir starfsfólki félagsmálaráðuneytisins frá Vilninus ásamt Grími Atlasyni.

Í september var hún með innlegg og sat fjögura daga netráðstefnu á Evrópuþingi iðjubjálfa í Prague 2nd COTEC-ENOTHE. Yfirskriftin var seigla og þar kynnti hún Hlutverkasetur sem lið í að efla seiglu þátttakanda. Hún kynnti listasýningu ásamt Andreu Ólafsdóttur á vegum LITKA í Harmageddon. Sýningin var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur. Listamennirnir vildu minna á geðheilbrigðismál og undirstrika hve mikið listsköpun nærir mannsandann

Í október sat hún málþing á vegum Iðjubjálfafélags Íslands sem nefndist *Vertu með vertu þú*.

Í nóvember kenndi hún í HA heilbrigðisvísindasviði um tengsl sín við jaðarhópa og nýsköpun á því sviði. Iðjubjálfanemar voru á viku námskeiði á vegum Nordplus frá Norðulöndum og Austur-Evrópu. Edna Lupita sagði frá leikhópnum Húmor og kvikmyndinni *Acting out* þar sem unnið var út frá reynslu hennar með aðferðum leiklistar. Ebba veitti einnig í leiðinni ráðgjöf í Grófinni.

Í desember var hún á *Fréttavaktinni* í stjórn Lindu Blöndal á sjónsvarpstöðinni Hringbraut með Tómasi Tómasyni þingmanni og talaði um Hlutverkasetur og mikilvægi geðheilbrigðis. Hún sat vefráðstefnu á vegum WHO; *Well-being and mental health, Towards an integrated policy approach*.

Helga Ólafsdóttir ásamt einum af sjálfboðaliðum Hlutverkaseturs fór á námskeiðið *Fjármálavit* í samstarfi við Fjármálavit og Kópavogsbæ sem haldið var á netinu. Viðtal var tekið við Helgu fyrir ársrit Virk sem nefndist *Í aðalhlutverki í eigin lífi* um starfsemi Hlutverkasetur. Helga hélt kynningar í gegnum Zoom fyrir Bataskólann. Helga bætti einnig við sig námi í markþjálfun.

Helga Ólafsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir tóku þátt í morgunverðafundi í streymi, í boði Virk sem nefndist Heilsueflandi vinnustaður *Líðan starfsfólks og leiðir til velsældar*; þær sátu einnig fundi á netinum á vegum VMST sem tengdist *Hefjum störf* kynning á átaki félagsmálaráðuneytisins.

Samantekt um Covid 19 og áhrif á starfsemina

Hlutverkasetur er opin virknimiðstöð og allir eru velkomnir, s.s. fólk með geðræn vandamál, atvinnuleitendur, fólk sem býr við fátækt, félagslega einangraðir og fólk í fíknivanda. Að sinna fjölbreyttum hóp í sameiginlegu rými er áskorun, en á sama tíma stolt staðarins og sérstaða. Sumir dagar eru erfiðir og Covid takmarkanir reyndu á þolþrifin. Þegar ólíkir hópar koma saman er auðvelt að misskilja, menning ólík, truflun í rútínu og langvarandi einangrun. Gleðin og þakklætið varð því enn sterkari þegar vel tókst til. Góð samskipti og samvinna á milli ólíkra úrræða var sérstaklega mikilvæg. Starfsemin var eðlileg í janúar, febrúar og stóran hluta af mars. Síðan komu fjöldatakmarkanir og þá varð að fella niður námskeið þar sem ekki var hægt að dreifa fólki um svæðið. Hlutverkasetur var opið allt árið og í öllum faraldrinum. Fólk sýndi því skilning og tók því vel ef það þurfti að minnka viðveru. Allir gátu komið a.m.k. þrisvar í viku sem óskuðu þess og tekið var tillit til þeirra sem þurftu að koma alla daga. Frá sumrinu komst starfsemin svo í eðlilegra horf. Fjöldatakmarkanir frá haustinu höfðu ekki eins mikil áhrif á starfsemina og áður. Fólk var orðið vant að taka upp grímuna og huga að persónulegum sóttvörnum, fara í próf ef upp komu einkenni o.s.frv. Færri komu hina vegar í kynningar. Fólk var staðráðið í að halda áfram og láta veiruna ekki hafa áhrif á daglegt líf. Þeir sem

sækja Hlutverkasetur eru flestir að berjast við félagslega einangrun og eru ekki í samskiptum við marga og því upplifði fólk ekki sama ótta við smit og áður. Þekking fólks á hvað þyrfti að gera var meiri og þeir sem höfðu farið í sjálfsskipaða sóttkví voru síður tilbúnir til þess aftur. Þegar 10 manna takmarkanir komu í annað sinn fékkst undanþága frá þeirri reglu vegna skjólstaðingshópsins og fékkst leyfi fyrir 20 manns. Það hjálpaði mikið varðandi starfseminu og fleiri gátu notið þess að koma þótt styttri viðvera væri í hvert skiptið.

Þakkir stjórnar

Stjórn Hlutverkaseturs vill þakka starfsfólki, sjálfbóðaliðum, þátttakendum, styrktaraðilum og samnings- og samstarfsaðilum fyrir umburðarlyndi og samstarfsvilja á liðnu ári. Áskoranir voru margar og erfiðari en í venjulegu ári. Þrátt fyrir fjöldatakmörkandir gat Hlutverkasetur haldið starfseminni opinni og aðlagð sig en það hefði ekki tekist án samstillts átaks allra. Þátttakendum fjölgaði um 32%, úr 150 í 199 einstaklinga. Á þessum sérstökum tímum var mikilvægi félagslegra samskipta, tengsla, frjálsra ferða og aðgengi enn sýnilegra fyrir allan almenning og ekki bara þá sem tilheyra jaðarhópum.

Málþingið í tengslum við leiksýninguna Vertu Úlfur sem haldið var á vegum Geðhjálpar, Þjóðleikhúsins og Geðlæknafélag Íslands gaf þátttakendum Hlutverkaseturs mikið á síðasta ári. Leikhópurinn og listamenn Hlutverkaseturs fengu að njóta sín. Sjónvarpið sýndi beint á RÚV2 frá viðburðinum sem haldinn var í Þjóðleikhúsinu sem gaf þessu enn meira vægi. Listamenn Hlutverkaseturs sýndu svo sannarlega hvað í þeim bjó, sömdu eigið handrit, gerðu listaverk í kringum þemað úlfur sem varpað var á stórum skjá í bakgrunni. Grímurnar sem leikhópurinn nýtti voru hannaðar af Önnu Henriksdóttur listakennara sem settu verkið á annan stall sem og fiðlutónlistin. Hlutverkasetur hefur haft afburðar starfskrafta innan sinna raða í gegnum árin. Við viljum hér með þakka traustið og stuðninginn frá listafólki Þjóðleikhússins. Eins er sérstöku þakklæti komið á framfæri til Borgarleikhússins sem kom sterkt inn á árinu. Um leið og leikhúsin opnuðu var gestum Hlutverkaseturs boðið á fjórar sýningar með stuttu millibili. Þetta létti lundina sem um munaði og sýnir svo sterkt mikilvægi þess að fá að njóta menningar og geta tekið þátt í samfélagsumræðunni.

Eins þakkar stjórnin þeim fyrirtækjum sem hafa gefið notendum Hlutverkaseturs tækifæri til að aðlagast vinnumarkaðnum smátt og smátt, með því að veita þeim hlutastörf og ný tækifæri á vinnumarkaðnum. Hugmyndafræðin um valdeflingu í verki í þjónustu við fólk með geðraskanir á enn við í dag rúmum áratug eftir að Hlutverkasetur var sett á fót með þá sýn að leiðarljósi. Ánægjulegt er að finna þá hugarfarsbreytingu sem átt hefur sér stað og er það m.a. frumkvöðlum eins og stofnendum Hlutverkaseturs að þakka. Megi næsta starfsár Hlutverkaseturs færa notendum okkar stóra sem smáa sigra og styrkja starfsemi Hlutverkaseturs enn betur í sessi.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,
Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar